

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 11. febrúar 2025

Fundurinn var haldinn í Glerárskóla.

Mættar voru 20 Betasystur.

Undirbúningsnefnd: Fríða, Elín, Vaka, Ragnheiður og Helena.

Fundur settur

Eygló setti fund og Ragnheiður kveikti á kertum. Eygló bar kveðjur frá fjarstöddum konum.

Orð til umhugsunar

Vaka deildi með Betasystrum sjúkrasögu sinni síðastliðið sumar. Hún lýsti reynslu sinni af því að hafa ranglega greinst með alvarlegan sjúkdóm og þeim lærdómi sem hún dró af því að lifa með þeirri greiningu í heilar 10 vikur meðan frekari rannsókna var beðið. Hún sagði frá því hvernig forgangs röðun hennar og viðhorf breyttust og lýsti léttinum þegar loks kom í ljós, eftir sumarfrí lækna, að greiningin var röng.

Elín tók nú við fundarstjórn, fyrir hönd undirbúningsnefndar. Hún vakti athygli á nýuppgerðum húsakynnum í Glerárskóla og kynnti breytingu á dagskrá. Aðalerindi kvöldsins verður að loknu kaffihléi.

Fundargerð síðasta fundar lesin

Selma las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Eygló afhenti Ingibjörgu Auðunsdóttur rós fyrir lán á húsnæði fyrir bókafundinn, en það fórst fyrir á fundinum sjálfum.
- Afmælisritnefnd hefur haldið tvo fundi. Nefndin hefur grúskað í gömlum fundargerðum og verið er vel á veg komið. Elín, sem upphaflega var varamaður í nefndinni, hefur tekið fullan þátt í starfinu. Nefndin ætlar sér að ljúka störfum í mars.
- Eygló dreifði minnislista deildarinnar frá 2014, sem ekki hefur verið uppfærður. Skerpa þurfti á nokkrum atriðum listans og samræma við aðrar reglur. Eftir umræður var uppfærsla listans samþykkt.
- Eygló rifjaði upp að ekki hafi verið greitt úr pyngjunni til Unicef á tveimur síðustu starfsárum, þar sem þau menntunarverkefni Unicef sem Betadeild hefur styrkt fram að þessu, eru ekki lengur við lýði. Eygló hafði því samband við Unicef til að fá upplýsingar um hvað hentaði að styrkja. Þar sem ekki er hægt að velja peningunum ákveðinn farveg innan Unicef, leggur Eygló til að félagskonur velti fyrir sér hvað gera eigi við peningana og sendi henni hugmyndir.

- Eygló gaf Siggu orðið fyrir hönd samfélagsverkefnisnefndar, sem Sigga situr í ásamt Vöku og tveimur fulltrúum Mýdeildar, Katrínu Fjólu og Jónínu Garðars. Nefndin hefur fundað og velt upp hugmyndum um málþing, eða sambland af fræðslu og skemmtun, hugsanlega í lok september eða byrjun október. Sigga nefndi hugsanleg viðfangsefni, en sagði ekkert ákveðið og óskaði eftir tillögum. Eygló minnti á að hægt væri að sækja um einn af fjórum styrkjum frá landssambandinu að upphæð kr. 100.000.

Kaffi og happdrætti

Undirbúningsnefnd bauð upp á glæsilegar veitingar, pyngjan gekk og dregið var í happdrættinu. Minnie fékk vinninginn sem Elín lagði til.

Erindi

Elín kynnti gest kvöldsins, Ingibjörgu M. Magnúsdóttur, teymisstjóra ÍSAT hjá Akureyrarbæ. ÍSAT-nemendum, þ.e. nemendum með íslensku sem annað tungumál, hefur fjölgað mikið á síðustu árum, þeir eru nú á fjórða hundrað, dreifast á alla grunnskóla bæjarins og koma úr mjög mismunandi aðstæðum. Ingibjörg starfar með verkefnisstjórum grunnskólanna, sem sjá um samræmda móttöku, stöðumat og aðlögun ÍSAT-nemendanna samkvæmt kröfum í námskrá. Mest áhersla hefur verið lögð á innleiðingu í grunnskólunum þar sem starfinu miðar vel, en sjónum er einnig beint að leikskólum. Kynning Ingibjargar vakti töluverðar umræður og svaraði hún ýmsum spurningum fundarkvenna, meðal annars um félagslegar og menningarlegar áskoranir sem þessir nemendur og fjölskyldur þeirra standa frammi fyrir. Að loknu erindi Ingibjargar færði Eygló henni rós í þakklætisskyni. Þess má geta að Ingibjörg er félagi í Mý-deild.

Fundarslit

Eygló þakkaði undirbúningsnefnd fyrir þeirra framlag og fundarkonum fyrir fundarsetuna. Hún sleit fundi og Ragnheiður slökkti á kertunum.

Eftir fundarslit bauð Elín upp á stutta skoðunarferð um nýuppgert húsnæði skólans.

Fundargerð ritaði Selma Hauksdóttir